

Reykjavík, 12. desember 2024

Svar HÍ: Afgreiðslubríf HÍ Kennaradeild - ályktun fjölmeningarráðs - MSS24110179

Hér með staðfesti ég móttöku erindisins MSS24110179.

Þakka þér fyrir að senda okkur á Menntavísindasviði, ályktun fjölmeningarráðs um aukna fræðslu um rasisma og ólíka menningarheima.

Ályktunin var kynnt og rædd á stjórnarfundum Menntavísindasviðs, miðvikudaginn 11. desember. Tekið var undir mikilvægi þess að fjallað sé um rasisma og ólíka menningarheima í námi á sviðinu. Á Menntavísindasviði starfa rannsakendur á fjölbreyttum fag- og fræðasviðum, meðal annars rannsakendur sem hafa fjallað sérstaklega um jafnrétti, fjölmeningu, rasisma og fordóma af ýmsum toga. Um árabíl hafa verið til námskeið um slík viðfangsefni sem hafa verið skylda í sumum námsleiðum og val í öðrum. Um þessar mundir eru allar deildir sviðsins að setja á laggirnar nýtt skyldubundið námskeið á sviði jafnréttis- og kynjafræðslu. Verður ábendingu ykkar einnig komið til umsjónarkennara í þessum námskeiðum.

Það væri einnig mjög gagnlegt að fá ykkur í heimsókn á vormánuðum til að skapa samtal um þetta mikilvæga málefni.

Með kærri kveðju,

Kolbrún Þ. Pálsdóttir

Forseti Menntavísindasviðs / Dean, School of Education

Menntavísindasvið

Háskóli Íslands / University of Iceland

Stakkahlíð

kolbrunp@hi.is

Beinn sími / Direct tel.: +354 525 5965

www.mennta.hi.is / english.hi.is

<https://uni.hi.is/kolbrunp/> (personal website)

